

## LEIKJABANKI

### Góð ráð fyrir stjórnanda leiks

1. Lærðu leikreglurnar utanbókar og útskýrðu þær greinilega í stuttu máli með eigin orðum. Endurtaktu mikilvæg atriði og vertu viss um að allir hafi skilið þig rétt.
2. Vertu viss um öll atriði leiksins svo þú getir leyst úr vafaatriðum sem kunna að koma upp, sjáðu til þess að allt efni sé tilbúið og byrjaðu leikinn fljótt og ákveðið.
3. Mundu að enginn má verða utanvelta í leiknum. Ef einhver er t.d. slæmur í fæti eða hönd, reyndu þá að nota hann sem aðstoðarmann, tímavörð eða dómara.
4. Sjáðu til þess að þeir lökustu fái bestu æfinguna.
5. Gott er að hætta hverjum leik, þá hæst fram fer. Endaðu leikinn ákveðið og tilkynntu úrslit.
6. Ekki ofnota einhverja sérstaka leiki. Fjölbreytni í leikjavali er nauðsynleg.

### Eldspýta og vatn í glasi

Leikur: Inni.

Efni/áhöld: Glas með vatni og eldspýtustokkur.

Þátttakendur standa í hring. Einn heldur á glasi með vatni, sá sem stendur honum á vinstri hönd heldur á eldspýtustokki. Sá sem er með stokkinn kveikir á eldspítu, kynnir sig og segir frá væntingum sínum til námskeiðsins á meðan logar á eldspýtunni. Þegar eldspýtan er brunnin eða slokknað á henni er hún sett í vatnsglasið. Eldspýtustokkurinn og vatnsglasið er látið ganga koll af kalli. Leiknum er haldið áfram uns allir hafa kveikt á eldspýtu.

### Allir saman nú

Leikur: Inni.

Efni/áhöld: Lak og bolti.

Þátttakendur standa saman í hring og halda laki á milli sín. Á því miðju er stór bolti sem þeir eiga að halda á lofti án þess að a) snerta boltann með höndunum, b) boltinn stoppi á lakinu eða c) detti á gólfið. Þessi leikur reynir sérstaklega mikið á samvinnu. Leiknum er haldið áfram þar til boltinn dettur á gólfið eða tiltekinn tími er liðinn.

### Listamenn

Leikinn: Inni.

Efni/áhöld: Skriffæri og blöð.

Þátttakendur vinna tveir og tveir saman og fá 3 mínútur til að teikna andlitsmynd af hver öðrum og kynnast. Að loknum 3 mínútum sýna þeir myndirnar og kynna hver annan.

## Hvað vantar?

Leikur: Inni.

Efni/áhöld: Engin.

Þátttakendur vinna tveir og tveir saman. Þeir fá þrjár mínútur til að virða hvern annan fyrir sér og leggja á minnið klæðnað, aukahluti, hárgreiðslu osfrv. Að þeim tíma liðnum snúa þeir baki hvor í annan og breyta einhverju þrennu í útliti sínu. Að því loknu snúa þeir sér aftur hver að öðrum og fá eina til tvær mínútur til að finna út úr því hvaða breytingar hafa átt sér stað. Að leiknum loknum getur verið skemmtilegt að ræða um það hvernig þátttakendur fóru að því að finna út úr því hvað vantaði og hverju var breytt. Önnur útgáfa af leiknum er að stjórnandi setur einn undir teppi og vísar einum eða tveimur fram á gang. Síðan er athugað hvort sá sem var undir teppinu áttar sig á því hvern eða hverja vantar í hópinn.

## Afmælisdaga- eða nafnaleikurinn

Leikur: Inni.

Efni/áhöld: Engin.

Þátttakendum er sagt að raða sér upp í hring eftir afmælisdögum/stafrófsröð sínum. Þeir mega alls ekki tala saman á meðan; heldur eiga þeir að reyna með öðrum hætti að koma félögum sínum í skilning um hvenær þeir eiga afmæli eða hver er upphafsstafurinn í nafni þeirra. Á eftir er farið yfir uppröðunina og ef einhverstaðar hefur verið gerð vitleysa er reynt að finna út ástæðuna fyrir henni.

## Hver ert þú?

Leikur: Inni.

Efni/áhöld: Engin.

Þátttakendur ræða saman, tveir og tveir, og reyna að kynnast hver öðrum. Báðir eiga þeir að taka einhvern hlut og lýsa því hvernig þeir eða þeirra persónuleiki eða líf líkist honum (ég er eins og þessi penni langur og mjór..). Eftir 3-5 mínútna samræður kynna þeir hvorn annan fyrir bekknum.

## Nafnaleikur með bolta

Leikur: Inni.

Efni/áhöld: Einn til þrjár boltar.

Þátttakendur standa í hring og einn þeirra er með bolta. Hann segir nafnið sitt og kastar um leið boltanum til einhvers annars, sem líka segir til nafns og kastar boltanum til þess næsta og þannig koll af kalli. Leikinn má þyngja dálítið með því að láta þátttakendur segja bæði sitt nafn og nafn þess sem hann kastar boltanum til. Enn má þyngja hann með því að láta þátttakendur segja bæði nafn sitt og eitthvað um sjálfan sig. Flækja má leikinn enn frekar með því að nota allt upp í þrjá bolta í einu. Þá eru alltaf þrjár þátttakendur að "flytja ræðu" samtímis og fullt af boltum á ferð og flugi.